

**Fundargerð 3. fundar ferðamálaráðs**  
**Fundur haldinn hjá Ferðamálastofu 25. október 2022, kl. 14:00**

**Dagskrá:**

1. Hagtölur.
  - a. Kynningar frá Jakobi Rolfssyni, sviðsstjóra rannsókn- og tölfræðisviðs Ferðamálastofu og Jönu Eir Víglundsdóttur, hagfræðingi hjá Hagstofu Íslands.
  - b. Umræður. Daníel Svavarsson, skrifstofustjóri verðmætasköpunar í menningar- og viðskiptaráðuneyti tekur þátt í umræðum.
2. Önnur mál.
  - a. Drög að erindisbréfi ferðamálaráðs.
  - b. Starfsáætlun ferðamálaráðs 2022-2023.

**Mætt:** Sigrún Elsa Smáradóttir formaður (tilnefnd af MVF), Páll S. Brynjarsson (tilnefndur af SAF), Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir (tilnefnd af FJR, kom inn á fund 14:35), Arnheiður Jóhannsdóttir (varaformaður), Jóhannes Þór Skúlason (SAF), Ingvi Már Pálsson (MVF), Skarphéðinn Berg Steinarsson (FMS).

**Forföll:** Bjarnheiður Hallsdóttir (SAF) Sigtryggur Magnason (IRN), Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (SÍS), Steinar Ingi Kolbeinsson (URN).

**Gestir:** Daníel Svavarsson (MVF), Jana Eir Víglundsdóttir (Hagstofa), Jakob Rolfsson (FMS)

Umræður og afgreiðsla:

1. Hagtölur tengdar ferðapjónustu, söfnun og greining gagna.
  - a. Jana Eir frá Hagstofu Íslands kynnti ferðapjónustureikninga.
    - i. Umræða um nauðsyn þess að gerð ferðapjónustureikninga ætti að vera partur af reglubundnum verkefnum Hagstofu, ekki einungis tengt sérsamningi við menningar- og viðskiptaráðuneyti eins og það er nú. Einnig rætt um nauðsyn þess að geta aðgreint landshluta í allri tölfræði.
  - b. Jakob frá Ferðamálastofu kynnti verkefni rannsókn- og tölfræðisviðs.
    - i. Umræða um einstök verkefni sem Jakob fjallaði um.
  - c. Í kjölfar umræðu var ákveðið að skipa fagráð um hagtölur og gögn er varða ferðapjónustu. Í fagráðinu sitja Jakob Rolfsson, Jóhannes Þór Skúlason og Arnheiður Jóhannsdóttir sem leiðir vinnur ráðsins. Fagráðið tekur saman tillögur um hvað mætti gera betur varðandi gagnaöflun í ferðapjónustu með litlum tilkostnaði og kynnis á næsta fundi.
  - d. Ferðamálaráð ályktaði að hvetja til þess að samningur Hagstofu Íslands og menningar- og viðskiptaráðuneytis yrði endurnýjaður og í kjölfarið yrði ferðapjónustureikningar gerðir hluti af reglubundnu hlutverki Hagstofu Íslands.
2. Önnur mál.
  - a. Drög að erindisbréfi ferðamálaráðs.
    - i. Ferðamálaráð gerði ekki athugasemdir við drögin.
  - b. Starfsáætlun ferðamálaráðs 2022 – 2023.
    - i. Ferðamálaráð fundar mánaðarlega, að jafnaði síðasta þriðjudag í mánuði.
    - ii. Eftirfarandi fundardagskrá var samþykkt:

7. desember	Aðgangur að fjármagni og fjárfestingar í ferðaþjónustu
10. janúar	Gjaldtaka, umgjörð og álögur
31. janúar	Innviða- og umhverfismál, skemmtiferðaskip
28. febrúar	Gæðamál og menntun í ferðaþjónustu
28. mars	Ráðstefnur, menningar- og heilsutengd ferðaþjónusta

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:15.

Fundargerð ritaði Guðný Hrafnkelsdóttir (FMS).